

2013



Ársskýrsla Ríkismenntar árið 2013



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ársskýrsla Ríkismenntar 2013
þróunar- og símenntunarsjóður
starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni
10. júní 2014

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Stjórn Ríkismenntar og starfsmenn.....	4
Reglur Ríkismenntar vegna styrkja	5
Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2013.....	6
Styrkveitingar Ríkismenntar SGS til stofnana og stéttarfélaganna.....	7
Einstaklingsstyrkir árið 2013.....	9
Frá starfi stjórnar á árinu 2013.....	15
Fræðslustjóri að láni	17
Fræðsla og kynningarstarf.....	18
Lokaorð.....	18

Fylgiskjöl:

- Rekstrarreikningur 2013
- Efnahagsreikningur 2013

Inngangur

Árið 2013 er áttunda starfsár Ríkismenntar SGS. Ríkismennt tók formlega til starfa 1. júní árið 2005. Sjóðurinn er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaganna Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Skrifstofa sjóðsins er í Ofanleiti 2, 5. hæð. Samstarfsaðilar á hæðinni auk fræðslusjóðanna Ríkismenntar, Landsmenntar og Sveitamenntar eru Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmennt Fræðslusetur.

Markmið sjóðsins er eins og kemur fram á heimasíðu Ríkismenntar annars vegar að efla símenntun starfsmanna og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma.

Sjóðurinn hefur tekjur sínar þannig að skv. kjarasamningi greiðir atvinnurekandi 0.57% á laun starfsmanna. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

Þróunar- og stofnanadeild (0,35%)

- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stofnunum og atvinnurekendum sem í sjóðinn greiða.
- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stéttarfélögum sem að sjóðnum standa
- Fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur.

Starfs- og símenntunardeild (0,22%)

- Veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna, til þess að þeir geti átt kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Styrkir eru afgreiddir með tvennum hætti, annars vegar sækja einstaklingar um styrk á þar til gerðum eyðublöðum hjá viðkomandi stéttarfélagi sem sér um afgreiðslu í umboði Ríkismenntar. Stéttarfélagið sækir síðan um endurgreiðslu til Ríkismenntar. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til framkvæmdastjóra sjóðsins og ef einstaklingar eru ósáttir við afgreiðslu hans eiga þeir möguleika á að vísa umsókn sinni til stjórnar Ríkismenntar og þá til endanlegrar afgreiðslu.

Stéttarfélög, stofnanir og aðrir atvinnurekendur sækja um styrk til stjórnar með því að senda rafræna umsókn þar sem fram koma helstu upplýsingar vegna viðkomandi fræðsluverkefna.

Stjórn Ríkismenntar og starfsmenn

Stjórn Ríkismenntar er skipuð fjórum fulltrúum, tveir skipaðir af Starfsgreinasambandi Íslands og tveir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Fulltrúar Stargreinasambands Íslands:

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags tók við sem stjórnarformaður á árinu.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Vilhjálmur fór í leyfi frá stjórnarsetu frá október 2013 og Þórarinn Sverrisson, formaður Öldunnar stéttarfélags, tók sæti Vilhjálms frá sama tíma.

Fulltrúar ríkisins:

Ásta Lára Leósdóttir, formaður stjórnar, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hætti í stjórn Ríkismenntar í maí. Ástu Láru eru þökkuð vel unnin störf fyrir Ríkismennt.

Halldóra Friðjónsdóttir, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu lét einnig af störfum sem stjórnarmaður Ríkismenntar s.l. haust. Halldóru eru þökkuð vel unnin störf fyrir Ríkismennt.

Í stað þeirra skipaði fjármála- og efnahagsráðuneytið þau Ágústu H. Gústafsdóttur, sérfræðing á skrifstofu Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Guðmund H. Guðmundsson, sérfræðing á skrifstofu Kjara- og mannauðssýslu ríkisins í stjórnina.

Starfsmenn Ríkismenntar:

Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar veitir sjóðnum forstöðu skv. þjónustusamningi þar um.

Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri hjá Landsmennt og sinnir einnig verkefnum fyrir Ríkismennt.

Á starfsárinu 2013 voru haldnir 9 stjórnarfundir auk annarra samstarfsfunda s.s. með Starfsmennt fræðslusetri, Flóamennt, Sveitamennt, Landsmennt, Starfafli, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks o.fl. varðandi mál sem tengjast fræðslusjóðum almennra starfsmanna.

Þjónustusamningur við Landsmennt

Á árinu var undirritaður nýr þjónustusamningur á milli Landsmenntar annars vegar og Sveitamenntar og Ríkismenntar hins vegar. Ríkismennt mun samkvæmt samningnum greiða kr. 135.000.- á mánuði sem er hækkun upp á kr. 36.000.-. Við endurútreikning samninga var tekið tillit til aukins starfsmannakostnaðar, en frá árinu 2010 hafa starfsmenn verið tveir. Þá hefur verkefnum verið að fjölga síðustu ár.

Reglur Ríkismenntar vegna styrkja

Einstaklingsstyrkir

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda kr. 100.000.- og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Ríkismenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Ríkismennt getur út og á heimasíðu sjóðsins www.rikismennt.is

Styrkir til stofnana og stéttarféлага

Stofnanir og stéttarfélag geta sótt um styrk til Ríkismenntar til námskeiðshalds fyrir starfsmenn ríkisins og stofnana þess, sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands.

Styrkurinn getur numið 100% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um.

Dæmi um nám/námskeið sem Ríkismennt styrkir: Fagnámskeið í heilbrigðis- og félagsþjónustu, Tölvunámskeið, Öryggis- og skyndihjálparnámskeið, nýliðafræðsla, íslenskunámskeið, rekstur almennra námskeiða, sí- og endurmenntun starfsmanna vegna starfstengdra verkefna o.m.fl.



Starfsmenn heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni eru meðal þeirra sem rétt eiga á styrkjum hjá Ríkismennt

Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2013

Tómstundastyrkir eintaklinga

Undanfarin ár hefur félagsmaður átt rétt á einstaklingsstyrk vegna frístunda-/tómstundanámskeiða. Greitt hefur verið 50% styrkur að hámarki kr. 18.000.- á ári. Í ár var þessari reglu breytt þannig að félagsmaður fær greitt 75% af kostnaði námskeiðs að hámarki kr. 20.000.- sem eins og áður dregst frá heildarupphæð einstaklingsstyrks.

Ferða- og dvalarstyrkir (einstaklingsstyrkir)

Reglur sem sérstaka ferða- og dvalarstyrki voru endurskoðaðar á árinu og eru nú eftirfarandi:

Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.

Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.

Hvalfjarðargöng: Heimilt verði að niðurgreiða hverja ferð um allt að 75% af kostnaði. Viðmiðunarupphæð verði allt að kr. 700.- fyrir hverja ferð í gegnum göngin miðað við núverandi gjaldskrá Spalar hf. Miðað er við alfsláttargjaldskrá Spalar hf. eins og hún er hverju sinni.

Flug: Heimilt verði að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.

Gisting: Heimilt verði að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja.

Styrkveiting vegna náms/námskeiða erlendis

Eftirfarandi regla var samþykkt á stjórnarfundum í september vegna náms/námskeiða erlendis. Reglan tók gildi frá og með 1. September 2013 og hljóðar eftirfarandi:

Ef sveitarfélag eða stofnun á þess vegum óskar eftir að senda starfsmann til að sækja nám/námskeið erlendis, sem ekki stendur til boða innanlands, getur það sótt um 75% af kostnaði ferðarinnar og 100% vegna kostnaðar við námskeið. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en kr. 120.000.- vegna hvers starfsmanns. Að auki er heimilt að bæta við styrk vegna ferðakostnaðar innanlands ef fjarlægð frá heimabyggð að flugstöð í Keflavík er meiri en 100 km., sú viðbót getur numið allt að kr. 30.000.- vegna hvers starfsmanns. Námskeiðsgögn/bækur eru ekki styrkt sérstaklega.


Styrkveitingar Ríkismenntar SGS til stofnana og stéttarféлага

Eins og áður sagði vinnur stjórn Ríkismenntar eftir vinnureglum sem hún hefur sett sér um úthlutun styrkja, en aðildarfélögin sjá um greiðslu einstaklingsstyrkja í umboði Ríkismenntar. Á eftirfarandi myndum má sjá tölfræðilega úttekt á úthlutun sjóðsins þ.e. fjölda styrkja, fjölda þeirra einstaklinga og stofnana sem fengu úthlutað styrk og að lokum hvaða námskeið voru haldin.

Flestir félagsmenn Ríkismenntar sem eru í verkalýðsfélögum innan SGS starfa á heilbrigðisstofnunum og því er eðlilegt að flest námskeið sem haldin eru séu á vegum heilbrigðisstofnana eða haldin að beiðni þeirra. Stéttarfélögin eru einnig dugleg að bjóða félagsfólki sínu upp á námskeið, en þau eru oftast haldin í þeim tilgangi að styrkja félagsmanninn í sínu starfi með námi/námskeiði s.s. í tölvufærni, sjálfstyrkingu og hópefli. Þá halda stéttarfélögin ýmis tómstundarnámskeið en þeim er ætlað að efla samkennd meðal félagsmanna og hjálpa þeim við að taka fyrstu skrefin til endurmenntunar. Reynslan hefur sýnt að nám leiðir af sér nám. Að lokum má benda á að það færist í vöxt að félagsmenn sem starfa við framhaldsskóla á landsbyggðinni nýti sér sjóðinn.


Verkefni styrkt beint til stofnana eða stéttarféлага voru einu færri en árið áður eða 20 en þátttakendum fækkaði hins vegar tölvert eða um 216. Heildarstyrkuppþæð vegna uppgerðra verkefna á árinu var skv. ársreikningi kr. 5.852.221.-.

Yfirlit yfir þróun styrkja Ríkismenntar árin 2005 - 2013




Mynd 1. Myndin sýnir hvernig þróun fjölda verkefna sjóðsins hefur verið frá því að hann hóf starfsemi sína.

Dreifing styrkveitinga á tegundir verkefna; fjöldi 2013




Mynd 2. Myndin sýnir hvernig fjöldi styrkveitinga skiptist niður á verkefni.

Fjöldi þátttakenda á bak við hvern verkefnaflokk 2013



Mynd 3. Myndin sýnir fjölda þátttakenda á bak við hvert verkefni. Heildarfjöldi þátttakenda er 394 manns.

Hlutfallsleg skipting verkefna eftir styrkupp hæðum 2013




Mynd 4. Hér sést hvernig fjármagnið dreifist hlutfallslega á tegundir verkefna.

Einstaklingsstyrkir árið 2013

Afgreiddar voru 126 umsóknir frá einstaklingum sem sóttu um styrk í sjóðinn, 105 konur og 21 karl. Samtals var greitt vegna þessara styrkja kr. 4.031.537.- eða kr. 31.996.- að meðaltali á hvern einstakling.


Hér á eftir koma myndir sem sýna tölfræðilegt yfirlit einstaklingsstyrkja Ríkismenntar. Sýnt er m.a. hvernig þeir dreifast á aðildarfélög og landssvæði, kynjaskipting, ríkisfang, aldursdreifing og flokkun námskeiða bæði eftir fjölda og upphæðum.

Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Ríkismenntar 2005 - 2013




Mynd 5. Þróun styrkja Ríkismenntar undanfarin ár hefur verið nokkuð jöfn á milli ára, en fækkar árið 2013 um tæplega 60 styrki.

Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja á félög 2013




Mynd 6. Sýnir hvernig fjöldi einstaklingsstyrkja dreifist á þau 11 félög sem nýttu sér sjóðinn á árinu. Ríkisstarfsmenn eru fjölmennastir í AFL Starfsgreinafélagi og því eðlilega stærsti hópurinn.

Meðaltalsupphæð einstaklingsstyrkja 2013




Mynd 7. Þessi mynd sýnir hvernig þróunin hefur verið á milli ára á meðaltalsupphæð greiddra einstaklingsstyrkja.

Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2013




Mynd 8. Hér má sjá hvernig einstaklingsstyrkir dreifast á landshluta. Hafa ber í huga fjölda félagsmanna á hverju landssvæði en fjölmennast er á Norðurlandi og Austurlandi og fámennast á Suðurnesjum.

Kynjaskipting Ríkismennt 2013




Mynd 9. Kynjaskipting á úthlutuðum styrkjum er lík milli ára og endurspeglar hlutfall kynja þeirra sem aðild eiga að sjóðnum.

Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2013




Mynd 10. Aldursdreifing þeirra sem fengu styrk staðfestir að flestir þeir er sækja sér endurmenntun eru á aldrinum 20 til 50 ára eða 76% þýðisins. Flestir í hópnum 21-30 ára og 41-50 ára.

Erlendir ríkisborgarar vs. Íslendingar 2013




Mynd 11. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem nýta sér styrki Ríkismenntar er í samræmi við fjölda þeirra sem starfa hjá ríkisstofnunum á landsbyggðinni.

Flokkun einstaklingsstyrkja á námskeið 2013




Mynd 12. Hér má sjá að mestur fjöldi styrkja fer í framhaldsskóla, háskóla og starfsnám eða samtals 67%.

Skipting fjármagns á tegundir náms/námskeiða 2013



Mynd 13. Flestir félagsmenn sækja í nám í framhaldsskóla, háskóla eða í starfsnám enda fer 72% fjármagns til þess.

Upphæðir einstaklingsstyrkja 2013



Mynd 14. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á upphæðir. Hér hefur orðið töluverð breyting frá árinu áður en stórt hlutfall styrkja var undir kr. 20.000 eða 42% af einstaklingsstyrkjum en er nú 30% og í fyrra nýttu einungis 5% fullan styrk en í ár eru það 14%.

Frá starfi stjórnar á árinu 2013

Árið 2008 var haldinn námstefna/vinnufundur í Borgarfirði þar sem starfsmenn stéttarfélaga réðu ráðum sínum um starfsemi fræðslusjóðanna. Í ár var þetta endurtekið og enn í Borgarfirði, nú var fundarstaðurinn Hótel Borgarnes. Þátttakendur voru yfir 30 manns og komu frá 11 stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS) á landsbyggðinni og auk þess sátu starfsmenn fræðslusjóðanna og starfsmenn skrifstofu SGS fundinn. Veður eru oft válynd á Fróni og svo bar við á þessum tíma og því miður var ófært um allt Norðurland sem hafði þær afleiðingar að fólk frá Öldunni, Stéttarfélaginu Samstöðu, Einingu lǫju og hluti þeirra sem höfðu boðað komu sína frá Framsýn Stéttarfélagi var veðurteppt, auk þess áttu fulltrúar frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur og Vlf. Þórshafnar ekki heimangengt.



Frá námstefnu fræðslusjóðanna í Borgarnesi

Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá SA og stjórnarmaður Landsmenntar var fundarstjóri. Erindi var flutt af Hauki Harðarsyni frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fjallaði það um útbreiðslu raunfærismats á Íslandi. Halla Valgeirsdóttir, einnig frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kynnti aðferðir við greiningu á færnikröfum starfa.

Framkvæmdastjóri SGS, Drífa Snædal og Árni Steinar Stefánsson, sérfræðingur hjá SGS gerðu grein fyrir stefnu SGS í fræðslumálum og fræddu fundarmenn um yfirlýsingu ASÍ og SA um menntunaráttak vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamnings sem gerður var í upphafi árs.

Fræmkvæmdastjóri Landsmenntar (Sveitamenntar- Ríkismenntar) Kristín Njálsdóttir kynnti starfsemi sjóðanna árið 2012, fjárhagslega stöðu þeirra og nýtingu styrkja og ræddi sína sýn á framtíð þeirra, Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri kynnti verkefnið Fræðslustjóri að láni sem er í boði hjá öllum þremur sjóðunum.

Að kvöldi fyrri dags var móttaka Stéttarfélags Vesturlands í nýju glæsilegu húsnæði þeirra í Borgarnesi og síðan var kvöldverður í boði fræðslusjóðanna.

Að morgni næsta dags hófst dagskráin á flutningi erindis sem Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stjórnar Landsmenntar hugðist flytja, en hann var veðurtepptur á Húsavík. Árni Steinar flutti erindið en það kallaði Aðalsteinn, Markmið fræðslusjóðanna; er sýnilegur árangur? „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“

Næst var skipt í fjóra umræðuhópa hvar hver hópur fékk það hlutverk að ræða ákveðin vinnubrögð hjá sjóðunum með það að markmiði að gera starfið skilvirkara. Niðurstöður hópanna voru síðan kynntar og í kjölfarið áttu sér stað fjörugar og gagnlegar umræður.

Það er óhætt að segja að fundarmenn hafi verið ánægðir og þakklátir fyrir þennan vinnufund, ekki bara vegna skemmtilegra kynna og vinarfundar heldur vegna þess hversu gagnlegur og upplýsandi hann var. Hvatt var til þess að fljótt yrði kallað til slíks fundar að nýju og reyndar fyrr en ella vegna félaga sem var sárt saknað.

Vinnufundur fræðslusjóðanna LM, SM, RM, Starfsafis og SVS

Í nóvember var haldinn vinnufundur fræðslusjóðanna Landsmenntar, Sveitamenntar, Ríkismenntar, Starfsafis, Flóamenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks um verkefnið Fræðslustjóri að láni. Á vinnudeginum var rætt um hlutverk starfsmanna sjóðanna, hlutverk ráðgjafanna og hlutverk stjórnenda fyrirtækjanna/stofnanna sem taka þátt í verkefnunum. Einnig var rætt hvernig fræðsluáætlanir ættu að vera og hvernig eftirfylgni ætti að vera háttað. Þátttakendur voru 21, þar af ráðgjafar frá Símennturamiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Attentus og RM ráðgjöf. Öll fluttu þau erindi og gerðu grein fyrir aðferðum sem þau notast við í verkefninu. Aðrir voru starfsmenn eða stjórnarmenn sjóðanna.

Unnur Guðríður Indriðardóttir starfsmaður VR var fundarstjóri og gerði samantekt á helstu niðurstöðum fundarins.

Greinileg þörf var fyrir þá samræðu sem átti sér stað, en flestir höfðu mikið til málanna að leggja. Hópnum var skipt í þrjá minni hópa og voru skipaðir hópstjórar og ritarar. Umræðupunktur hópanna voru skráðir niður á glærur sem voru notaðar til kynningar á niðurstöðum hópanna.

CEDEFOP heimsókn

Eyjólfur Bragason fékk styrk frá Landskrifstofu LME til að taka þátt í ráðstefnu sem nefndist, Older workers in companies and on the labour market, en hún var haldin í Düsseldorf dagana 13. til 17. maí. Þátttakendur komu frá Englandi, Eistlandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Frakklandi, Hollandi, Finnlandi, Slóveníu, Tékklandi og Íslandi.

Þátttakendur starfa við mismunandi stofnanir s.s. hjá skrifstofum verkalýðsfélaga, á skrifstofum einstakra stéttarfélaganna (t.d. félag ljósmæðra), háskólum og starfsmenntasjóðum. Þótt starfsheiti væru ólík þá voru viðfangsefnið hjá öllum tengd þema heimsóknarinnar. Það var mjög fróðlegt að heyra hvernig þátttaka eldri starfsmanna á vinnumarkaði er í umræddum löndum, en hún er æði mismunandi. Atvinnuleysi er mismikið og þá eru réttindi fólks mjög ólík á milli landanna. Breytingar á þeim hafa verið miklar á síðustu tuttugu árum þá sérstaklega hvenær fólk getur tekið eftirlaun. Eftirlaunaaldur hefst á aldursbilinu 62- 68 í löndunum, oft gildir ekki það sama um konur og karla (Austur Evrópa). Í Englandi getur fólk unnið eins lengi og það vill (fær). Fyrir fall múrsins var algengt að V. Þjóðverjar færu á

eftirlaun eftir fimmtugt, það sama átti við í Frakklandi og Hollandi. Það hefur breyst og er nú á svipuðum nótum og tíðkast almennt á Vesturlöndum þ.e. 67-68 ára. Athyglisverð er sú þróun sem á sér stað í nokkrum löndum að fólk getur minnkað við sig vinnu smátt og smátt 75%, 50% og 30%, þannig heldur það sambandi lengur við vinnufélagana og skilin verða ekki eins skörp. Þetta fólk er gjarnan notað til að miðla reynslu sinni og þekkingu til yngri starfsmanna. Eins og áður sagði þá kom fólk úr ólíkum áttum en í öllum löndunum var fólk að glíma við sömu málin, erfiðleika fyrir eldra fólk að fá vinnu ef það hafði dottið af vinnumarkaði, að skipta um starf, örar breytingar á störfum, menntun eldri starfsmanna og heilbrigði þeirra.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til stofnana ríkisins samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóð. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál stofnununar, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til.



Frá undirskrift Fræðslustjóra að láni fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur mælst mjög vel fyrir og má merkja áhuga hjá stofnunum um að nýta sér þessa leið til að gera þarfagreiningu og í framhaldinu fræðsluáætlun. Ríkismennt, Sveitamennt, Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eiga gott samstarf varðandi verkefnið en það er í boði hjá öllum þessum fræðslusjóðum

Fræðslustjóri að láni var samþykkt fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands í samstarfi við Starfsmennt fræðslusetur. Verkefnið var töluvert umfangsmikið því allar starfstéttir voru undir og starfsemi stofnunarinnar rekin á 8 stöðum á Suðurlandi. Þetta er fyrsta verkefnið sem Ríkismennt og Starfsmennt koma saman að. RM ráðgjöf hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd Ríkismenntar.

Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Ríkismenntar. Lagður er metnaður í að heimsasiðan sé ávallt með réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur reglulega skrifað greinar í blöð og tímarit ásamt því að auglýsa sjóðinn í blöðum stéttarfélaganna, símenntunarstöðva og öðrum fjölmiðlum er tengjast sjóðnum.

Heimsóknir til stofnana skila jafnan góðum árangri. Fundað er með stjórnendum og starfsmönnum þar sem starfsemi sjóðsins er kynnt. Bæklingar með kynningarefni eru skildir eftir. Þótt hér sé um tímafrekt verk að ræða sýna dæmin að stjórnendur taka oft vel við sér eftir slíkar heimsóknir og hrinda af stað ýmis konar fræðslu sem sjóðurinn styrkir.

Lokaorð

Starfsemi Ríkismenntar hefur verið með hefbundnum hætti árið 2013. Heldur færri umsóknir bárust frá stofnunum og einnig frá einstaklingum sem sækja styrki í sjóðinn árið 2013. Hvað veldur liggur ekki fyrir en vonandi verður það hins vegar hvatnig til starfsmanna, fræðsluaðila og stéttarfélaganna til að hvetja bæði einstaklinga og stofnanir að nýta rétt sinn í Ríkismennt. Það er og verður hlutverk Ríkismenntar að leggja félagsmönnum lið í viðleitni þeirra að auka bæði hæfni þeirra og menntun.

Það sem einkenndi starf fræðslusjóðanna á þessu ári var hið nána samstarf sem tókst á milli sjóðanna. Þannig var haldinn vinnufundur meðal starfsmanna sjóðanna, Ríkismenntar, Sveitamenntar, Landsmenntar, Starfsafls, Flóamenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og stjórnarmanna þeirra með ýmsum fræðsluaðilum sem hafa sinnt verkefnum sem sjóðirnir hafa styrkt m.a. verkefnið Fræðslustjóri að láni auk þess að kenna ýmis námskeið. Verkefni fundarins var að greina hvernig verkefnið Fræðslustjóri að láni væri unnið og hvernig mætti bæta það. Í kjölfarið héldu starfsmenn sjóðanna nokkra vinnufundi til að vinna úr niðurstöðum fundarins. Það er trú starfsmanna að betri og markvissari árangur náist ef sjóðirnir vinni eftir sömu eða svipuðum vinnureglum.

Á þessu ári var einnig haldinn vinnufundur meðal starfsmanna Ríkismenntar (LM og SM), stjórnarmanna og starfsmanna stéttarfélaganna sem eiga aðild að sjóðunum. Fundurinn var haldinn í Borgarnesi og þótti takast vel, það vel að þátttakendur voru á einu máli um að halda slíkan fund aftur sem fyrst.

Það er að verða staðreynd að fyrirtæki og stofnanir leggja meir upp úr fræðslu og þjálfun starfsmanna, sem er mjög ánægjulegt. Í nýlegri rannsókn kom fram að 2% af brúttóveltunni fer í þennan þátt rekstursins. Markmiðið með því að setja svo mikið fé til fræðslu staðfestir að fólk sér tækifæri til uppbyggingar og framfara í þeirri starfsemi sem það vinnur við.

Reykjavík, 10. júní 2013

Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri

Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri